

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Langholt 1, land 2a, Krúuholt 1-11.

Skipulagið tekur til lóðarinnar Langholts 1, land 2a, sem er alls 11 ha svæði. Í deiliskipulaginu felst að á þessu 11 ha svæði eru fyrirhugaðar 10 lóðir fyrir hús til útleigu, Krúuholt 1-11, auk opins svæðis og vegsvæðis. Á lóðunum Krúuholti 1-5, 7, 9 og 11 verður heimilað að byggja eitt aðalhús auk gestahúss alls að hámarki 150 m² á hverri lóð en á lóðunum 6 og 8 er heimilað að byggja eitt aðalhús að hámarki 200 m² á hvorri lóð.

Samþykkt í sveitarstjórn 13. desember 2017.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 20. febrúar 2019.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 6. mars 2019